þeir þó átt að vera farnir að þekkja baráttuaðferðir Jónasar og „sannleiksiðju“ meðal sveitafólksins.

Þeir létu sér nægja að gefa út blað, sem þeir óskuðu eftir að bændur læsi. Þeir deildu mjög vægilega á fyrri samherja og gerðu ekkert til þess að gjalda líku líkt. Þeir gerðu víst sama og ekkert til þess, að afla sér talsmanna meðal bænda og búaliðs. Hér í sýslunni var, t. d. að taka, fjöldi atkvæðasmala á vegum J. J., en enginn af hálfu Tr. Þ. — Og smalar Jónasar gengu eins og grenjandi ljón meðal fólksins og rægðu Tr. Þ., Þ. Briem, Jón í Stóradal og aðra bændaflokksmenn. En Tr. Þ. og félagar hans gerðu ekkert. Þeir munu hafa treyst málstað sínum og létu þar við sitja. En það voru ekki greinarnar í blöðunum, sem atkvæðum skiftu milli Bændaflokks og Framsóknarflokks að þessu sinni, heldur hinn munnlegi áróður — rógurinn, sem borinn var í búr og eldhús og bæ frá bæ af legátum Jónasar. **Það er rógburðariðjan, sem færði Jónasi hinn hæpna sigur að þessu sinni** og Tryggva ósigurinn. Meðan Tryggvi sat í Reykjavík, glaður og reifur og ugði ekki að sér, nagaði Jónas og lét ókindur sínar naga mannorð hans og spjalla á allan hátt. —

Hrakfarir bændaflokksmanna í kjördæmunum eru annarsvegar að kenna slælegri sókn af þeirra hálfu, en hinsvegar taumlausum blekkingum og rógi Jónasar-manna. — Jónas hefir unnið að kosningunum sleitulaust síðan í fyrrasumar, og beitt og látið beita hinum eitruðustu og svívirðilegustu vopnum. Hins vegar hefir Tr. Þ. ekkert gert eða látið gera, nema hvað hann hefir rabbað lauslega við bændur í blaði sínu við og við.

En ekki kæmi mér það á óvart, þó að Jónas ætti nú eftir að bíta úr nálinni. Það gæti viljað til, að hann ætti eftir „að hitta sjálfan sig fyrir“, eins og sumir segja.

En þá er að vísu engu að kvíða, hafi vopnin verið drengileg og baráttan öll svipuð því, sem tíðkast meðal sæmilegra manna.

5. júlí.

Sveitamaður.

Ferðafélag Íslands.

—o—

Í fyrrakveld var komið heim úr för þeirri, sem Ferðafélagið gerði austur á Síðu um bygðir og Fjallabaksveg nyrðri til baka. Tókst för þessi í alla staði vel, því að veðráttan var hin hagstæðasta og engin óhöpp vildu til. Ferðin hófst síðastliðinn laugardag og var þá ekið til Víkur og gist þar um nóttina. Daginn eftir var farið á bílum úr Vík að Múlakvísl en yfir hana á hestum. Þá tóku við bílar af Síðunni og var haldið austur yfir Mýrdalssand og staðið við í Hafursey og Hrísnesi og lýsti þar kunnugur maður Kötluhlaupinu 1918. Þaðan var ekið að Klaustri og gist þar um nóttina. Daginn eftir var haldið austur Síðu og upp á Fossnúp, en þaðan var ágætt útsýni til Öræfajökuls og yfir Fljótshverfi; staldrað var við hjá Dverghömrum og á Fossi í þeirri ferð. Var Lárus á Klaustri leiðbeinandi fólksins á þessari leið og einnig næstu tvo daga vestur í Landmannahelli og hafði hann haft útvegur allar til Fjallabaksferðarinnar. Gist var í Hlíð næstu nótt. Þaðan var haldið þriðjudagsmorgun ríðandi vestur í Kýlinga. Var það fjölmennasti leiðangur, sem menn vita til að farið hafi Fjallabaksveg, 30 manns alls með fylgdarmönnum og samferðafólki að austan, en í sjálfri ferðinni voru 23 þátttakendur austur en 25 suður. Var komið seint í Kýlinga og gist þar um nóttina, í dásamlega fögru veðri og umhverfi. Daginn eftir var haldið í Landmannahelli og komið þangað snemma, en farið í Jökulgil á leiðinni og þótti flestum það merkilegasti og fegursti staðurinn á allri leiðinni, af mörgum fögrum. Staðið var við í Laugum og tók þorri fólksins sér bað í Laugalæknum. Var gist við Landmannahelli um nóttina en risið árla, því að laust fyrir kl. 6 um morguninn var ferðafólkið komið upp á Loðmund, í hinu fegursta útsýni. Sá þaðan yfir öræfin austur í Vatnajökul, inn í Þórisvatn, yfir Hofsjökul og Kerlingafjöll, Langjökul og Kjalfell, vestur yfir Snæfellsnes og yfir Reykjanes og austurfjöll þess. Við Landmannahelli sneru Skaftfellingar aftur með hesta sína en ferðafólkið hélt suður að Galtalæk á bílum og kom þangað um nónbil á fimtudag. Hekla hafði verið alheið í kollinn alla nóttina og um daginn og varð því að ráði, að dvelja á Galtalæk fram yfir miðnætti og ganga á Heklu. Var það og gert, en þoku rak á fjallið um kveldið og létti eigi, svo að um útsýni yfir láglendið var ekki að ræða. Hinsvegar stóð kollur Heklu upp úr þokunni og sá yfir þokuna á Tindfjallajökul, Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul. Tuttugu manns gengu á Heklu. Til Reykjavíkur var komið á föstudagskveld, og voru allir þátttakendur mjög ánægðir yfir förinni. S.

Síldarsamlag.

—o—

Siglufirði 21. júlí. FÚ.

Í gærkvöldi var haldinn fundur í Vínnuveitendafélagi Siglufjarðar um stofnun Samlags um sölu á matjessíld. Félagið hafði áður kosið nefnd til þess að semja lagafrumvarp fyrir Samlagið, og voru í nefndinni þeir Steindór Hjaltalín, Ásgeir Bjarnason, Sophus Blöndal, Halldór Guðmundsson og Hallgrímur Hallgrímsson.

Á fundinum í gærkvöldi var frumvarp þetta samþykt. Aðalatriði þess eru sem hér segir:

Tilgangur Samlagsins er að tryggja hagsmuni framleiðenda með að stilla í hóf framleiðslu, og varna þannig of öru framboði og óhæfilega lágu verði.

Stofnendur geta orðið allir þeir, sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1) að þeir hafi framleitt útflutningssíld síðastliðið ár;

2) að þeir skuldbindi sig til þess að gefa Samlagsstjórninni einkaumboð til að selja alla þessa árs matjessíld, er þeir hafa framleitt eða keypt;

3) að þeir skuldbindi sig til þess að hlíta reglum þeim og samþyktum, er samlagsstjórnin setur um rekstur Samlagsins, og ríkisstjórnin samþykkir, ef með þarf.

Nýir framleiðendur fá meðlimaréttindi, ef þeir framleiða minst 1000 tunnur af matjessíld hæfar til útflutnings, og hlíta að öðru leyti lögum Samlagsins. Á fundum hafa félagsmenn einir atkvæðisrétt, eða umboðsmenn þeirra, eitt atkvæði fyrir hverjar 1000 tunnur framleiddar, alt að 5000 tn., en þar eftir eitt fyrir hverjar 5000 tunnur framleiddar. Þó hefir enginn Samlagsmaður meira en $^1/_{10}$ atkvæðamagns.

Í stjórn Samlagsins eru 5 aðalmenn og 5 varamenn. Vinnuveitendafélag Siglufjarðar kýs tvo aðalmenn í stjórn, og er annar þeirra formaður Samlagsstjórnarinnar, og tvo varamenn. Sunnlenskir síldarútgerðarmenn kjósa einn í aðalstjórn og einn varamann, og sömuleiðis Útgerðarmannafélag Akureyrar og útgerðarmenn á Vestfjörðum. Tvo endurskoðendur og tvo varaendurskoðendur skal kjósa, báða búsetta á Siglufirði.

Samlagið stofnsetur skrifstofu á Siglufirði, og stjórnin ræður skrifstofustjóra og starfsmenn, og ákveður laun. Til þess að standast rekstrskostnað, er stjórninni heimilt að halda eftir 2 af hundraði af „fob“-verði seldrar síldar.

Sorglegt slys.

Norðfirði 21. júlí. FÚ.

Í gærkveldi fanst drukknaður í flæðarmálinu hér á Norðfirði þriggja ára drengur, Kristinn Kjartan Einarsson að nafni, fóstursonur Sigríðar Elíasdóttur og Þorsteins Jónssonar, Bjargi á Norðfirði.

Drengurinn hafði verið að leika sér með félögum sínum, og skilið við þá stuttri stundu áður en farið var að leita hans. Vegna ákomu á höfði drengsins telur læknirinn að hann muni hafa runnið út af stórum steini, sem er í flæðarmálinu, og rotast.

Deilan milli Tardieu og Chautemps.

Talið er líklegt, að Doumergue komi til Parísar á þriðjudag, og er búist við, að hann muni hafa forsæti á ráðherrafundi þá um kvöldið, og gera tilraun til þess, að setja niður deilu þá, sem upp er komin milli Tardieu og Chautemps. Það er ekki fullkomlega kunnugt, hvað gerðist á ráðherrafundi í gærkvöldi, en franska blaðið Journal skýrir frá því í dag, að Barthou hafi reynt að fá Tardieu til þess að segja af sér, en að hann hafi þvertekið fyrir að gera það. Þá er sagt að Herriot hafi reynt að koma á sáttum milli Radical-socialista og Tardieu, en blaðið Matin kemst svo að orði, að slíkar sáttatilraunir heppnist sjaldan og beri venjulega þann árangur, að auka ágreininginn. Í París er alment litið svo á, að Doumergue verði að koma til Parísar, og að ef til vill kunni honum að hepnast að koma í veg fyrir að ráðuneytið klofni.

MacDonald á ferðalagi í Canada.

MacDonald, forsætisráðherra Breta, er kominn til Canada, og hefir í hyggju að dvelja þar nokkrar vikur sér til heilsubótar. FÚ.

Hvað er knattspyrna?

Manni dettur ósjálfrátt í hug þessi spurning við lestur þeirra dagblaðanna, sem ræða og birta samtöl við dönsku knattspyrnumennina viðvíkjandi kappleik Dananna við K. R. s. l. fimtudagskveld, því að þar er því haldið fram, að ekki einungis áhorfendur, heldur einnig knattspyrnumenn vorir, þekki ekki þann leik, sem þeir hafa boðið H. I. K. upp á að þreyta við sig. Það hafa komið hingað knattspyrnuflokkar frá nágrannalöndunum fyr, og sumir hverjir hafa tvímælalaust haft á að skipa betri og þroskaðri knattspyrnumönnum, en sá flokkur sem er hér nú. Allir hafa þessir flokkar látið ánægju sína í ljósi út af framkomu leikmanna vorra og borið hól á dómara þá, sem vér höfum boðið upp á. Einnig hafa erlendir dómarar margsinnis dæmt hér á vellinum, og nú síðast dómari frá knattspyrnuflokki H. M. S. Nelson, sem ber höfuð og herðar yfir alla knattspyrnuflokka breska flotans.

Enginn þessara aðila hefir látið hafa eftir sér: „en það virðist eins og íslenskum knattspyrnumönnum sé ekki fullkunnugt um alþjóðareglur í knattspyrnu, né að þeir leiki í fullu samræmi við þær“, eins og haft er eftir foringja H. I. K. í einu dagblaðinu.

Þá er það ekki undarlegt, að íslenskir knattspyrnumenn fari nú að íhuga, hvort sú knattspyrna, sem íslensku knattspyrnukennararnir hafa kent þeim og sú knattspyrna, sem hingað til hefir lærst af komu erlendra knattspyrnuflokka hingað, sé í raun og veru alls ekki knattspyrna. „Kannske að drengirnir okkar séu að spila rugby við Danina“, varð einum góðkunnum velunnara knattspyrnunnar að orði, eftir lestur á áðurnefndri staðhæfingu.

Það er einnig hætt við því, að oft verði vitnað í dóm „danska dómarans“ eftir þetta, þegar ágreiningsatriði koma fyrir á milli félaganna í Reykjavík í framtíðinni. Og það er engum vafa undirorpið, að ef það er samþykt með þögninni, að útlendingar að ástæðulausu fái að kasta fram órökstuddum fullyrðingum í garð knattspyrnumanna vorra, þá skaðar það stórum knattspyrnuíþróttina hér, og gerir aðstöðu forgöngumanna hennar mun veikari gagnvart þeim, sem iðka hana.

En hversvegna er því haldið fram, að íslenskir knattspyrnumenn hafi ekki þekkingu á þessari íþrótt? Það gera meðlimir H. I. K. til þess, að reyna að breiða yfir óforsvaranlegan dóm fararstjóra sins. Það er ekki tekið illa upp, þó að Danirnir vilji standa með fararstjóra sínum, en það sem fundið er að, er að þeir gera það á kostnað annara.

Tómas Pétursson.

Breytingar í vændum á frakknesku ríkisstjórninni?

Cheron, dómsmálaráðherra Frakklands, átti í gær langt viðtal við Doumergue forsætisráðherra, og er talið, að það standi í sambandi við væntanlegar breytingar á franska ráðuneytinu. Alment er talið, að allmikil mannaskifti standi fyrir dyrum í stjórninni.

Utan af landi.

—o—

Frá Siglufirði.

Kryddun síldar byrjuð. Mikill síldarafli. Almenn tíðindi.

Siglufirði 21. júlí. FÚ.

Kryddun síldar hófst í dag hér á Siglufirði. Áður hafði dálítið verið flakað af síld á stöð Jóns Kristjánssonar, og voru greiddar 5 krónur fyrir að flaka í eina tunnu, og 2 kr. á tunnu fyrir að salta flökin. Í dag hafa borist að 15000 mál í verksmiðjurnar. Mörg stærri skipin hafa komið með fullfermi frá Þistilfirði. Áður höfðu ríkisverksmiðjurnar fengið 30000 mál og Hjaltalín 15600 mál. Unnið er að uppsetningu loftskeytastöðvar hér á Siglufirði og verður hún svipuð stöðinni í Vestmannaeyjum. 25 metra möstur hafa verið reist, og starfar stöðin nú þegar.

Straumbreytingu rafstöðvarinnar er lokið.

Í símtali í kveld segir fréttaritari útvarpsins, að mjög mikil síld hafi haldið áfram að berast þangað í dag, og að öll losunarpláss verksmiðjanna væru upptekin, og biðu fimm eða sex skip eftir því að komast að. Flest hafa skipin fengið síldina á Þistilfirði, en nokkur þeirra einnig fengið ofurlítið af síld í kringum Gjögur og Eyjafjarðarmynni.

Bæjarfréttir

Stjórnarskiftin.

Engar fregnir hafa borist af þeim, um fram það, sem sagt var frá í blaðinu í gær. — Munu enn standa yfir fundahöld um stjórnarmyndunina og hvorki ganga né reka. Er nú talið, að ágreiningur sé einna mestur um verkaskiftingu meðal ráðherranna. — Sumum þingmönnum kvað ofbjóða sú léttúð og kæruleysi, sem lýsir sér í því, að vilja fá óreyndum unglingi (E. J.) fjármál landsins í hendur.

Landkjörstjórn

hélt fund í gær, og stóð hann alllengi yfir. Öll skilríki utan af landi eru nú komin í hendur hennar, og var farið yfir þau til fullnustu á fundinum. Fer nú fram fullnaðarútreikningur samkvæmt skilríkjunum, og mun því verki verða lokið á morgun eða þriðjudag, en þann dag hefir verið ákveðið, að úthlutun uppbótarsætanna fari fram. Verður nánara auglýst síðar hvar og á hvaða tíma úthlutunin verður kunngerð.

Bifreiðarslys.

Kl. að ganga 3 í gær varð 10 ára gamall drengur fyrir fólksflutningabifreið og lærbrotnaði. Slysið varð á móts við húsið nr. 58 við Laugaveg og mun drengurinn hafa verið á leið þvert yfir götuna, er hann varð fyrir bifreiðinni. Hann heitir Högni Torfason og á heima á Laugaveg 64. Var hann þegar fluttur í Landspítalann. Vísir fékk þær upplýsingar á lögregluvarðstofunni í gærkveldi, að málið væri í rannsókn, og því ekki hægt að gefa frekari upplýsingar þar, að svo stöddu. Bifreiðin mun vera einkaeign. — Drengnum leið vel, eftir atvikum, þegar Vísir átti tal við Landspítalann í gærkveldi.

Es. Edda

fór héðan í gær áleiðis til Spánar, með fullfermi af fiski.